

**Reglur  
um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá  
elli- og örorkulífeyrisþegum í Hrunamannahreppi árið  
2024**



1.gr.

Fasteignaskattur (ekki þjónustugjöld) vegna íbúðarhúsnæðis í eigu tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega í Hrunamannahreppi sem þeir nýta sjálfir til eigin búsetu, skal lækkaður samkvæmt heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2.gr.

Rétt til afsláttar eiga eftirtaldir:

- a) ellilífeyrisþegar sem náð hafa 67 ára aldri á því ári sem álagning á sér stað. Ef um hjón eða sambýlisfólk er að ræða, skulu bæði hjónin eða sambýlisfólkið hafa náð 67 ára aldri á því ári sem álagning á sér stað.
- b) örorkulífeyrisþegar sem hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar fyrir upphaf álagningarárs.

Afslátturinn nær einungis til þess íbúðarhúsnæðis sem viðkomandi sannanlega býr í og er skráður til lögheimilis í húsinu eða íbúðinni.

Afsláttur kemur ekki til greina séu fullvinnandi einstaklingar aðrir en makar búsettir á heimilinu.

3.gr.

Afsláttur af fasteignaskatti er tekjutengdur. Lækkun miðar við allar skattskyldar tekjur þ.m.t. fjármagnstekjur 2023 eins og þær eru skv. skattframtali. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

Tekjumörk vegna afsláttar ársins 2024 eru eftirfarandi:

Tekjur einstaklinga	Tekjur hjóna	Niðurfelling
Allt að 5.310.000	Allt að 7.980.000	100%
Milli 5.310.001 – 5.750.000	Milli 7.980.001 - 8.450.000	75%
Milli 5.750.001 - 6.090.000	Milli 8.450.001 - 8.925.000	50%
Milli 6.090.001 - 6.800.000	Milli 8.925.001 - 9.910.000	25%

Viðmiðunartekjur eru heildartekjur umsækjanda og eru framreiknaðar á ári hverju skv. vísitölu neysluverðs, þ.e. tekjur sem mynda álagningastofn tekjuskatts- útsvars og fjármagnstekjuskatts eins og þessar tekjur voru næsta ári á undan álagningarári.

4.gr.

Hafi orðið verulegar breytingar á högum umsækjanda svo sem við fráfall maka/sambýlismanns tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega er eftirlifandi maka eða sambýlismanni með tekjur allt að kr. 6.500.000,- á ári heimilt að sækja um sérstakan afslátt af fasteignaskatti af húsnæði sem hann býr í. Tekjuviðmið eru þau sömu og í 2.gr. um tekjuviðmið. Sama gildir ef um skyndilega örorku er að ræða sem hefur veruleg áhrif til lækkunar tekna. Einnig er heimilt að lækka fasteignaskatt í samræmi við reglur þessar í allt að eitt ár hjá þeim sem flutt hafa úr eigin íbúð á öldrunarstofnun en eiga áfram íbúð sem ekki er leigð út eða nýtt af skyldmenum.

5.gr.

Örorkulífeyrisþegar fá afslátt skv. 3.gr. gegn framvísun á örorkuskírteini.

6. gr.

Afsláttur skv. 3.gr. skal reikna við álagningu og er byggður á upplýsingum frá ríkisskattstjóra um tekjur. Afslátturinn er birtur á álagningarseðli.

Flúðum 16. janúar 2024.

f.h. sveitarstjórnar Hrunamannahrepps,

Aldís Hafsteinsdóttir  
sveitarstjóri